

Skýrsla sveitarstjóra 11.1.2017

1. Í hönd er farið árið 2018 þar sem minnst verður 100 ára afmæli fullveldis íslensku þjóðarinnar. Fullveldisdagurinn hinn 1. desember 1918 er tvímælalaust einn af merkustu dögum í sögu þjóðarinnar. Ánægjulegt er að sjá hve hans á að minnast af miklum myndarskap um land allt. Það verður gert hér í Borgarbyggð ekki síður en í öðrum sveitarfélögum landsins. Lögð verður sérstök bókun fyrir fundinn síðar á honum í tilefni þessara tímamóta.
2. Undirritaður fór í heimsókn í stofnanir sveitarfélagsins með jólagjafir til starfsfólksins á adventunni. Það var ánægjulegt að heimsækja starfsfólkið í aðdraganda jólanna þegar jólahaldið var farið að setja svip sinn á dagleg störf. Ánægja var almennt með jólagjöfina sem á að geta gagnast öllum vel. Gamla árið var síðan kvatt kvatt með flugeldasýningum víða í héraðinu.
3. Þegar er hafin vinna í framhaldi af nýlega samþykktri framkvæmdaáætlun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018. Á fundi USL nefndarinnar í gær var lögð áhersla á hafin verði hönnun á fyrirhuguðum nýjum götum og gangstéttum á Hvanneyri og í Bjargslandi. Þetta verður skýrt frekar út hér á eftir í tengslum við umræðu um fundargerð nefndarinnar. Í þessu sambandi er rétt að minna á þá ánægjulegu samstöðu innan sveitarstjórnar sem var um afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar. Því varðar miklu að framkvæmdaáætlunin verði fylgt eftir eins og upp er lagt með.
4. Auglýsing á útboði viðbyggingar við grunnskólann í Borgarnesi hefur því miður dregist meir en ætlað var. Ástæða þess er að af ýmsum ástæðum hefur arkitekt hússins ekki skilað af sér fullfrágengnum hönnunargögnum. Tímaáætlanir frá honum hafa staðist illa. Þrýst er á að verkinu verði lokið sem fyrst svo hægt verði að koma því í útboð. Samkvæmt upplýsingum frá formanni byggingarnefndar GB frá því í dag er stefnt að því að auglýsa útboðið um aðra helgi.
5. Rætt hefur verið við Golfklúbb Borgarness um samstarf milli klúbbsins og sveitarfélagsins um möguleika á að nýta tæki hans við slátt hjá sveitarfélaginu. Golfklúbburinn þarf að endurnýja sláttutækin og það myndi léttu undir með þeim að fá verkefni fyrir dýr tæki. Samstarf um þetta verkefni væri því báðum hagfelld.
6. Gengið hefur verið endanlega frá samningi við starfsfólk félagsþjónustunnar vegna neyðarþjónustu vegna barnaverndarmála utan hefðbundins vinnutíma. Fyrri samningur var gerður til bráðabirgða og var meðal annars ætlaður til að hlutaðeigandi fengju tækifæri til að átta sig á viðfangsefninu og umfangi þess.
7. Sveitarstjórnarfolk á Vesturlandi héldu fund með þingmönnum kjördæmisins í Breiðabliki í gær. Slíkir fundir eru gagnlegir fyrir alla aðila. Sveitarstjórnarfolk kemur sjónarmiðum sinna samfélaga á framfæri við þingmenn kjördæmisins, það heyrir af viðfangsefnum hvers annars og þingmenn geta komið sínum áherslum og upplýsingum á framfæri. Það var töluverður þungi í sveitarstjórnarfólki á fundinum gagnvart þeim opnu ákvæðum sem er að finna í frumvörpum um til laga um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir svo og ákvæðum frumvarps til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu, en í þeim er að finna mjög opin ákvæði um akstursþjónustu. Í því sambandi var vísað til nýlegs álits umboðsmanns Alþingis vegna Vesturbyggðar. Niðurstaða hans er í stuttu máli sú að samningur Sameinuðu þjóðanna um málefni fatlaðs fólks hafi verið lögleiddur héraendis. Á fundinum var einnig rætt mikið um grunninn fyrir stoðkerfi byggðanna eða samgöngumál, stöðuna gagnvart þriggja fasa rafmagni og lagningu ljósleiðara. Staða þessara mála er vitaskuld misjöfn eftir sveitarfélögum margra hluta vegna og er óhætt að segja að innan Borgarbyggðar sé lengst í

- land með að staða þeirra sé ásættanleg. Einnig var fjallað um húsnæðismál og þá möguleika sem Íbúðarlánasjóður hefur opnað á í því sambandi, málefni almenningssamgangna á vegum samtaka sveitarfélaga sem eru reknar með halla um allt land, ferðamál og nauðsynlegan tekjuauka sveitarfélaganna í því sambandi, mál lífeyrissjóðsins Brúar og
8. Fyrsti fundur stýrihóps um endurskoðun á stefnu Borgarbyggðar á málefnum aldraðra var haldinn nú í vikunni.
 9. Vegna umræðunnar um bankaskattinn og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hefur verið sent bréf til sjóðsins þar sem óskað var svara við eftirfarandi spurningum:

Hvaða fjárhæð stóð eftir af tekjum Jöfnunarsjóðs samkvæmt a. og b. lið 8. gr. a vegna hvers árána 2014, 2015 og 2016, þegar ráðstöfun framlaga af tekjunum samkvæmt 10. og 11. gr. hafði farið fram?

Hvaða forsendur voru fyrir ákvörðun um heildarfjárhæð tekjujöfnunar- og útgjaldajöfnunarframlaga samkvæmt 12. gr. vegna hvers árána 2014, 2015 og 2016? Hvenær voru þær ákvarðanir teknar?

Með lögum nr. 43/2017 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, var bætt við bráðabirgðaákvæði við lögin, varðandi sérstakt 650 milljóna króna framlag sjóðsins á árinu 2017. Framlag samkvæmt lögunum hefur verið greitt út.

Af hvaða tekjulið Jöfnunarsjóðs, sbr. 8. gr. a, var framlagið fjármagnað og vegna tekna hvaða árs?

10. Ályktun sveitarstjórnar um að væntanleg þjóðgarðastofnun verði staðsett á Hvanneyri hefur vakið verkskuldaða athygli. Því verður ekki á móti mælt að þar séu allar þær forsendur til staðar sem gera að verkum að stofnuninni verði vel fyrir komið á staðnum. Það er þó langt í land að endanleg niðurstaða fáiist. Því er mikilvægt að koma þessum áherslum að hvar sem tækifæri gefst. Á þann hátt er skilvirkast að vinna málið áfram.
11. Frá því í byrjun desember hefur starfsmaður umhverfis- og skipulagssviðs unnið að því að skoða og ská niður þær fasteignir sem annað hvort voru ekki skráðar í fasteignaskrá eða skráðar á lægra byggingarstigi en þær eru á. Ágætlega hefur unnist og greinilega mikil þörf á að takast á við þetta verkefni. Rétt skráning skiptir máli bæði varðandi álagningu fasteignaskatts og fasteignagjalda s.s. vatnsskatts.
12. Frá því haustið 2016 hefur verið unnið að því að fá í gegn bætta vetrarþjónustu á Hálsasveitarvegi frá Reykholti upp að Kaldadalsvegamótum. Ástandið eins og það var má helst kalla ófremdarástand miðað við þá gríðarlegu umferð sem er á umræddum vegi árið um kring. Á einum mánuði nú í vetur komu um 3.500 manns að Hraunfossu svo dæmi sé nefnt. Það þótti góð sumarumferð fyrir nokkrum árum. Nú um áramótin náðist loks árangur í þessu efni en þá var mokstursdögum fjölgað úr tveimur í fimm. Þess má geta að Vegagerðin áætlaði viðbótarkostnað við þetta verkefni um 3 m.kr.
13. Búið er að setja upp og taka í notkun öryggiskerfi í ráðhúsinu. Á því var mikil þörf þar sem ekkert skipulagt öryggiskerfi var í húsinu.
14. Þjónustukönnun Gallup fyrir árið 2017 barst nú á dögnum. Hún verður kynnt fyrir byggðarráði á næsta fundi þess. Í niðurstöðum könnunarinnar koma fram margar áhugaverðar upplýsingar sem er hægt að taka mið af við mótun vinnulags og áherslna hjá sveitarfélaginu.
15. Vinna er hafin við undirbúnings ársreiknings. Vegna sveitarstjórnarkosninga þann 26. maí n.k. verður lagt allt kapp á að hafa hann tilbúinn til afgreiðslu eins fljótt og mögulegt er. Endurskoðendur sveitarfélagsins hjá KPMG og starfsfólk þess stefna að því allar færslur og afstemmingar verði frágengnar

þann 15. febrúar n.k.. Þá geta endurskoðendur hafið störf. Þáskavikan er í síðustu viku mars og það þarf að finna út úr tímasetningum í þessu sambandi því að öllum líkindum er of seint að afgreiða ársreikning þann 11. Apríl eða einungis einum og hálfum mánuði fyrir kjördag.

16. Lífeyrismál

Þann 4. Janúar 2018 barst sveitarfélögum landsins reikningur frá lífeyrissjónum Brú sem var samtals að fjárhæð 40.2 ma.kr. Reikningurinn er tilkominn vegna uppgjörs á halla á A-deild lífeyrissjóðsins Brúar (fyrrum Lífeyrissjóðs sveitarfélaga) sem hafði safnast upp á löngu árabili eða nær því frá stofnun A-deldarinnar. Hlutur Borgarbyggðar í þessu sambandi reyndist vera 244.351.901 kr. Það er nokkru lægri fjárhæð en við höfðum fengið bráðabirgðaupplýsingar um fyrr í vetur. Hér er um afar háa fjárhæð að ræða sem hefur veruleg áhrif á alla umræðu um fjármál sveitarfélagsins. Því er rétt að fara nokkrum orðum yfir aðdraganda þess að fyrrgreind fjárhæð kom til og þær forsendur sem liggja að baki þeim reikningi sem barst nýlega. Það er nauðsynlegt bæði til að skýra málið út eftir því sem fært er svo og til að allir sveitarstjórnarfulltrúar hafi sömu upplýsingar í þessum efnum.

Umræða um lífeyrismál starfsmanna sveitarfélaga og hvernig skyldi leysa fjárhagsvanda Lífeyrissjóðsins Brúar í tengslum við langvarandi halla á A-deild sjóðsins hefur staðið yfir árum saman. Upprunalegt fyrirkomulag á A-deildar sjóðsins átti að vera sjálfbært en forsendur þess stóðust ekki. Þar má helst til nefna breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar, hækkandi meðalaldur og vaxandi lífslíkur. Réttindi sjóðsfélaga eru hinsvegar tryggð á ábyrgð launagreiðenda. Skuldbinding launagreiðenda varðandi Brú var sem hér segir:

„.....að ef athugun á tryggingafræðilegri stöðu myndi leiða í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótfamlagi launagreiðenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum hans skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöður athugunarinnar.“

Ákvörðun um að bregðast við viðvarandi halla sjóðsins hefur verið frestað árlega með lagasetningu. Það hefur meðal annars leitt af sér að staða sjóðsins (vantaldar skuldbindingar vegna A-deildar) hafa ekki verið færðar í ársreikninga sveitarfélaga þar sem hún hefur aldrei legið fyrir með skýrum hætti. B-deildar kerfinu LSS (nú Brú) var lokað árið 1998 og skuldbindingar vegna þess eru færðar í ársreikninga sveitarfélaga. B-deildin var ósjálfbær og vanfjármögnuð. B-deildin er því fyrir utan það samkomulag sem nýlega var gert um lífeyrissjóðakerfið.

Tryggingafræðileg staða A-deildanna hefur um nokkurt árabili verið með árlegum halla upp á 10-13%. Skilgreind vámorð sjóðsins eru miðuð við 5% halla ár hvert. Að óbreyttu hefði því þurft að hækka verulega mótfamlag launagreiðenda til A-deildanna.

Verulegur munur er á réttindum sjóðsfélaga í í almennum lífeyrissjóðum og A-deildum opinberra sjóða. Í A-deildum opinberra lífeyrissjóða er möguleiki á lægri lífeyristökualdri (65 ár á móti 67 árum) en hjá hinum almennu sjóðum, ávinnsla réttinda er jöfn í A-deildum en aldurstengd í almennum sjóðum, baktrygging launagreiðenda er full í opinberum sjóðum en engin hjá þeim almennu og lífeyrir í A-deildum er 76% af meðalævitekjum á móti 56% hjá almennum sjóðum.

Því var meginmarkmið þess samkomulags sem gert var þann 19. september 2016 milli BHMR, BSRB og Kennarasambands Íslands annars vegar og

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna að samræma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði. Aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökuréttur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni þess. Samkomulagið fól einnig í sér að breytingar skyldu gerðar á málefnum A-deilda LSR og Brúar.

Samningaviðræður þar um stóðu yfir frá árinu 2009. Þróun málsins hefur verið kynnt reglulega á ýmsum fundum og ráðstefnum innan sveitarstjórnarstigsins.

Niðurstaða fyrrgreindra samningaviðræðna var að nýtt lífeyrissjóðakerfi tæki við þann 1. janúar 2017. Samkomulag varð um að ríkið legði lífeyrisaukasjóði A-deildar LSR til 91,3 ma.kr. og sveitarfélögin legðu 28 ma.kr í lífeyrisaukasjóð Brúar. Það er gert til að mæta uppsöfnuðum halla A-deilda, vegna breyttra forsendna um dánarlíkur sjóðsfélaga og vegna hækkunar á lífeyristökualdri úr 65 í 67 ár. Ríkið yfirtók 20,1 ma.kr. af skuldbindingum sveitarfélaga í A-deild LSR gegn því að sveitarfélögin gengju frá 28 ma.kr. í lífeyrisaukasjóð hjá Brú með skuldayfirlýsingum eða með öðrum hætti að viðbættum Varúðarsjóði. Varúðarsjóður er sjóður sem opinberir launagreiðendur leggja framlög í til að styðja við lífeyrisaukasjóði ef á reynir. Ríkið leggur fram 8,4 ma.kr. til þessa verkefnis en sveitarfélögin 2,4 ma.kr. Ef ekki þarf að grípa til fjármuna varúðarsjóðs á næstu 20 árum, þá renna þeir til baka til launagreiðenda.

Sveitarfélögin hafa ýmsa möguleika á að ganga frá sínum málum við Brú vegna þessa uppgjors s.s. með skuldayfirlýsingu eða með greiðslu kröfunnar. Rétt er að minna á að þau sem ganga ekki frá þessari kröfu fá ekki þann ávinning sem leiðir af yfirtöku ríkisins á skuldbindingum sveitarfélaga í A-deild LSR og mótramlag þeirra vegna A-deildar LSR og Brúar mun hækka um a.m.k. 4%stig. Þannig getur ekkert sveitarfélag vikist undan því að takast á við það verkefni að leysa úr uppsöfnuðum fjárhagsvanda A-deildar Brúar. Það er einungis hægt að velja á milli mismunandi leiða þar um.

Síðan má nefna að það stefnir í að hækka þurfi lífeyristökualdur allra lífeyrissjóða og almennan ellilífeyristökualdur TR í 70 ár. Það væri gert með því að hækka lífeyristökualdur um 2 mánuði á ári á næstu 24 árum. Lífeyriskerfið er svo vanfjármagnað að ef lífeyristökualdurinn verður ekki hækkaður þá þarf að skerða lífeyrisgreiðslur verulega eða hækka framlög launagreiðenda enn frekar frá því sem nú er. Hæpið er að vilji standi til þess.

Á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga haustið 2016 var lögð áhersla á að ljúka þyrfti útreikningum á stöðu hvers sveitarfélags fyrir árslok 2016. Reyndin varð sú að það var langt liðið á árið 2017 þegar hægt var að fá bráðabirgðaupplýsingar um stöðu hvers sveitarfélags gagnvart uppgjöri við Brú. Endanlegt uppgjör barst svo loks þann 4. Janúar sl. Við fengum bráðabirgðaupplýsingar í nóvember um okkar stöðu en þegar upp var staðið reyndist hún vera rúmum 40 m.kr. lægri en þær upplýsingar sem fengust frá Brú í nóvember.

Mjög fá sveitarfélög hafa tekið fyrrgreinda stöðu vegna uppgjors við fjárhagsvanda A-deildanna inn í fjárhagsáætlanir sínar fyrir árið 2018. Í útsendum leiðbeiningum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga frá því í haust er ekki vikið að þessu uppgjöri eða gefnar leiðbeiningar um hvernig skuli fara með það. Það þótti því slæmt að uppgjörið sent frá Brú með svo hárrí fjárhæð

örfáum vikum eftir afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir yfirstandandi ár og urðu viðbrögð við því eðlilega nokkuð skörp.

Heildarkrafa lífeyrissjósins Brúar á sveitarfélögin er 40,2 ma.kr. Hún skiptist upp á eftirfarandi hátt; Samtals eru greiddir 9,96 ma.kr í Jafnvægisjóð (til að koma A-deild Brúar í jafnvægi), 27,26 ma.kr. í lífeyrisaukasjóð (til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka sjóðfélaga sem eiga rétt á honum) og 3,02 ma.kr. í varúðarsjóð (til að styðja við lífeyrisaukasjóð ef þörf reynist á).

Hlutur Borgarbyggðar í þessu heildaruppgjöri er eftirfarandi: 73,5 m.kr. í jafnvægisjóð, 154,2 m.kr í lífeyrisaukasjóð og 16,6 m.kr. í varúðarsjóð.

Þrjár meginleiðir eru á að mæta þessari kröfu:

1. Taka lán fyrir henni hjá Brú með 3,5% vöxtum.
2. Taka lán fyrir henni hjá LS með 2,4% vöxtum.
3. Greiða kröfuna upp.

Þess má geta að 3,5% vextir af láni sem tekið væri fyrir þessari fjárhæð og það greitt niður á 20 árum væru samtals um 90 m.kr. Væri krafan fjármögnuð á 2,4% vöxtum væri vaxtakostnaður rúmar 60 m.kr. Þar til viðbótar kæmi verðtrygging sem færi eftir verðbólguþingi hvers tíma.

Nú liggur fyrir hvernig skuli fara reikningslega með fyrrgreindan halla á A-deild Brúar hjá einstökum sveitarfélögum. Allt framlag í jafnvægisjóðinn verður gjaldfært á árinu 2017 ásamt 7/12 af 1/30 hluta lífeyrisaukasjóðsins og 7/12 af 1/20 hluta varúðarsjóðsins. Samtals verða þetta um 77 millj kr.

Til framtíðar verða áhrifin á rekstur sveitarfélagsins minni því þá verða árlega færð til gjalda 1/30 hluti af framlagi til lífeyrisaukasjóðsins og 1/20 af framlagi til varúðarsjóðsins. Samtals eru þetta um 6.0 millj. kr. á ári.

Þau góðu tíðindi bárust rétt um áramótin um að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafi endanlega orðið um 100 m. kr hærrí en ætlað var í fjárhagsáætlun. Á sama hátt liggja fyrir nokkuð staðfestar upplýsingar um að tekjur af staðgreiðslu fyrir síðasta ár muni verða yfir 100 m.kr. hærrí en áætlað var. Hvoru tveggja kemur til vegna aukinnar hagsældar bæði í samfélaginu öllu svo og í Borgarbyggð. Að óbreyttu hefði við þessa stöðu skapast aukið rými til að greiða niður þær langtímaskuldir sveitarfélagsins sem eru skráðar í ársreikningi. Með því að greiða upp kröfuna frá Brú er verið að greiða niður kröfu á hendur sveitarfélaginu vegna ábyrgðar þess sínum hluta af viðvarandi halla á A-deild Brúar, kröfu sem vissulega voru ekki skilgreindar í ársreikningum sveitarfélagsins en her er á ferðinni krafa sem vitað var að væru til staðar og ekki yrði undan vikist að að takast á við. Sveitarfélagið stendur því óneitanlega vel að vígi til að ljúka þessu máli með uppgreiðslu kröfunnar án þess að skerða framkvæmdagetu þess samkvæmt afgreiddri fjárhagsáætlun eða raska fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs.

Hér hefur að framan verið farið yfir aðdraganda þessa máls, forsendur þess og hvernig samkomulag náðist um að leysa úr þeim hallarekstri á A-deild Brúar sem hafði byggst upp árum saman. Þessi staða hafði legið óformlega fyrir árum saman enda þótt hún hafi ekki dregin fram hvað varðar stöðu einstakra sveitarfélaga með skýrum hætti í ársreikningum þeirra. Rétt er að geta þess að í ársreikningi Borgarbyggðar fyrir árið 2016 er þessarar stöðu og samkomulagsins getið í skýringum. Tekið er fram að óvissa ríki um fjárhæðina, áhrif hennar á fjárhag sveitarfélagsins og endanlega útfærslu samkomulagsins. Einnig var minnst á þetta verkefni í endurskoðunarskýrslunni sem fylgir með ársreikningnum.

Virðingarfyllst.,
Gunnlaugur A Júlíusson
sveitarstjóri